



Ljósmynd: Mats

Mengun í jarðvegi og mótvægisaðgerðir - námskeið

Mengun í íslenskum jarðvegi er mun meiri og algengari en ætla mætti og ljóst að mörg verkefni er varðar jarðvegsmengun bíða fagmanna í framtíðinni. Umfang er þó ekki að öllu leiti þekkt. Hreinsun er kostnaðarsöm, og felur í sér mörg stig, svo sem áhættugreiningu, hreinsunaraðgerðir, lokamat, vöktun auk mats og bóta fyrir skaða eða tjón sem mengunin veldur, beint eða óbeint. Vakin er athygli á því að væntanleg er sérstök Evróputilskipun um varnir gegn mengun í jarðvegi.

Landbúnaðarháskóli Íslands og University of Aberdeen í samstarfi við Umhverfisstofnun standa að námskeiði um Mengun í jarðvegi og mótvægisaðgerðir dagana 7.- 9. maí 2007 frá kl. 9:00 - 16:00. Námskeiðið er haldið í húsakynnum Lbhí á Keldnaholti. Leiðbeinandi: Dr. Graeme Paton, University of Aberdeen.

Námskeiðið er ætlað fyrir fagfólk, eftirlitsaðila, sérfræðinga á verkfræðistofum og ráðgjafa er koma að umhverfismálum sem og aðra sem fjalla um mengunarmál.

Sérfræðingar University of Aberdeen hafa mikla reynslu við greiningu á mengunarvandamálum í jarðvegi sem og mótvægisaðgerðum. Námskeiðið er í tveimur hlutum:

I. Hluti - Sýnataka og mat á mengunarhættu

- lítið eitt um lögfræðilegar hliðar jarðvegsmengunar
- helstu mengunarefni og mat á mengun
- sýnatöku af jarðvegi og jarðvegsvatni
- mengunarlíkön og túlkun gagna
- mengunarhættu og búsetu

II. Hluti - Líffræðilegar mótvægisaðgerðir

- yfirlit um möguleika á líffræðilegum mótvægisaðgerðum
- mælitækni og aðgerðir
- örverur í mótvægisaðgerðum
- líkön og skipulag mótvægisaðgerða

Teymi University of Aberdeen, sem hefur sérhæft sig í lífrænum mótvægisaðgerðum gegn jarðvegsmengun, er með fjölbreytta alþjóðlega starfsemi og heldur einnig sérhæfð námskeið um mengun og mótvægisaðgerðir víða um lönd. Teymið er leitt af Dr. Graeme Paton sem hefur verið í samstarfi við ýmsa íslenska aðila, þekkir hann því vel til aðstæðna hér landi. Nú stunda tveir íslenskir nemandar doktorsnám undir leiðsögn Dr. Paton.

Verð: 25.000 kr - Skráningarfrestur er til 18. apríl 2007.

Nánari upplýsingar og skráningar fara fram á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands www.lbhi.is undir Námskeiðið, um netfangið endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5033/ 843 5308



UNIVERSITY
OF ABERDEEN